

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskráum rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 791 24. nóvember 1981.

Íðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F.h.r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 1,62 á kwst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 1,00 á kwst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 1,62 á kwst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kw kr. 0,37 á kwst.
Aflgjald með lýsingu kr. 1 539,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 1,25 hverja kwst.
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun kr. 0,80 hverja kwst.
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun kr. 0,74 hverja kwst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,33 á kwst.

4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,47 á kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagi.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 4 324,00	247,00
63 A 3-fasa	kr. 4 324,00	247,00
100 A 3-fasa	kr. 5 830,00	280,00
125 A 3-fasa	kr. 7 175,00	317,00
200 A 3-fasa	kr. 9 455,00	428,00
300 A 3-fasa	kr. 16 386,00	505,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögd er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 42,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 42,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 541 frá 24. nóvember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.